



Skóla- og frístundasvið
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 13. ágúst 2026
MSS26070034

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 13.8.2026 varðandi eftirfarandi mál:

Aðgerðaáætlun Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins - kynning

Lagt fram bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 7. júlí 2026, varðandi aðgerðaáætlun Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins 2026-2030, ásamt fylgiskjöllum. Vísað til umsagnar velferðarráðs og skóla- og frístundaráðs.

Hanna Borg Jónsdóttir, Rannveig Einarsdóttir og Steinn Jóhannsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihluti Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Framsóknar þakkar góða kynningu á aðgerðaáætlun Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins og fagnar þeirri auknu samvinnu sem hún boðar. Áætlunin byggir á sex meginmarkmiðum og 21 aðgerð hvar áhersla er meðal annars lögð á samþætta þjónustu, bættu líðan barna, forvarnir, samstarf heimila og skóla, öryggi og aukið jafnræði barna. Mikilvægt er að sveitarfélögin og aðrir þjónustuveitendur vinni saman að samræmdara verklagi, bættu upplýsingaflæði og sameiginlegum lausnum. Börn og fjölskyldur eiga ekki að finna fyrir skilum milli kerfa heldur fá rétta þjónustu á réttum tíma. Með aukinni samvinnu getum við brotið niður múra, lært hvert af öðru og nýtt betur það sem þegar hefur gefist vel. Við leggjum jafnframt áherslu á að með þessari vinnu fáiast skýr mynd af stöðunni í dag: hvar helstu áskoranirnar liggja, hvaða vandamál við ætlum að leysa og hvaða mælanlega árangri við viljum hafa náð eftir fjögur ár. Áætlunin gerir ráð fyrir mælikvörðum fyrir einstakar aðgerðir, árlegri framvinduskýrslu og reglulegu endurmati, sem á að gera okkur kleift að fylgja árangrinum eftir. Þetta styður beint við verkefnalista meirihlutans um áframhaldandi innleiðingu farsældarlaganna og snemmtækan stuðning við börn. Við hlökkum til áframhaldandi samstarfs og þess að sjá þessa mikilvægu vinnu skila mælanlegum árangri fyrir börn og fjölskyldur.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingarinnar þakka fyrir metnaðarfulla vinnu við gerð fyrstu aðgerðaáætlunar Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins og lýsa stuðningi við þær fjölmörgu aðgerðir sem ætlað er að efla samstarf, samræma verklag og bæta upplýsingaflæði milli þeirra aðila sem bera sameiginlega ábyrgð á farsæld barna. Að mati fulltrúa Samfylkingarinnar mætti setja fram enn skýrari mynd af þeim áskorunum sem börn og fjölskyldur á höfuðborgarsvæðinu glíma við í dag og hvernig þær aðgerðir sem hér eru lagðar til eiga að bregðast við þeim. Ríkisendurskoðun hefur bent á að góð samhæfing skili takmörkuðum árangri ef þjónustu eða úrræði skortir. Í



Því ljósi teljum við mikilvægt að farsældarráð verði ekki einungis vettvangur til að samræma verklag og upplýsingaflæði heldur einnig sameiginleg rödd þeirra sem starfa á vettvangi þjónustunnar og geta bent á hvar stuðning eða úrræði skortir. Skýrari tenging milli þarfa barna og fjölskyldna, þeirra aðgerða sem lagðar eru til og þeirrar framtíðarsýnar sem stefnt er að myndi styrkja áætlunina enn frekar.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Samrit:
Velferðarsvið



Reykjavík